

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í síðasta lagi í júlí mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Sektir renna í ríkissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Höfðavatns.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Höfðavatns. Heimili þess og varnarþing er í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða er land eiga að Höfðavatni, Höfðaá, Hólslæk og Urriðalæk, en þær eru: Höfði, Vatn, Mannskaðahóll og Bær, allar í Hofshreppi.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal einn varamann til eins árs, og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig, að annar endurskoðandinn gangi úr annað árið og hinn hitt.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

Óeiniilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá og arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Sektir renna í rikissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur  
frá Litlabæ, sem andaðist 9. maí 1937.

**1. gr.**

Sjóðurinn heiti: „Minningarsjóður Ragnhildar Magnúsdóttur“.

**2. gr.**

Sjóður þessi er stofnaður með 600 króna gjöf frá Helga Sigvaldasyni, samkvæmt gjafabréfi, dags. 9. maí 1938.